

Ed. **367. Frumvarp til laga** [190. mál]

um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Flm.: Jón Árnason, Kjartan J. Jóhannsson, Eggert G. Þorsteinsson.

1. gr.

Síldarútvegsnefnd skal skipuð 7 mönnum og 7 til vara. Sameinað Alþingi kýs 3 menn hlutfallskosningu, Alþýðusamband Íslands einn, Landssamband íslenzkra útvegsmanna einn, Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi einn og Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi einn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Kosningin

gildir til þriggja ára. Sjávarútvegsráðherra skipar formann úr hópi þingkjörinnar nefndarmanna til eins árs í senn, en nefndin kys sér varaformann og ritara.

Nefndarmenn eða varamenn þeirra skulu dveljast á Siglufirði eða nálægum stöðum um síldveiðitímann á sumrin, en í Reykjavík eða nálægum stöðum, á meðan síldveiðin stendur yfir á öðrum tímum árs við Vestur- og Suðurland.

Nú vanrækir aðili að tilnefna mann í nefndina, og skipar þá ráðherra mann í hans stað.

Skrifstofur nefndarinnar skulu vera á Siglufirði og í Reykjavík, og getur nefndin ráðið tvo framkvæmdastjóra til að annast dagleg störf svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur. Laun nefndarmanna ákveður ráðherra, og greiðast þau af tekjum síldarútvegsnefndar.

2. gr.

Síldarútvegsnefnd hefur með höndum úthlutun útflutningsleyfa, síldarsöltunaleyfa og löggildir söltunarstöðvar. Hún skal gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á síld með ýmsum verkunaraðferðum, eftir því sem þurfa þykir. Hún skal hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja síld á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi síldarútvegsins.

Til þess að standast kostnað af störfum nefndarinnar getur síldarútvegsnefnd ákveðið, með samþykki ráðherra, að greitt verði í sérstakan sjóð allt að 2% — tveim af hundraði — af andvirði seldrar síldar. Sjóði þessum má eingöngu verja í þágu síldarútvegsins. Nú verður sjóður þessi svo mikill, að öruggt þyki, og getur þá síldarútvegsnefnd ákveðið, að fengnu samþykki ráðherra, að endurgreiða úr honum til síldareigenda í réttu hlutfalli við verðmagn seldrar síldar.

3. gr.

Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld eða verkaða á annan hátt, sem veidd er af íslenskum skipum, verkuð hér á landi eða lögð á land verkuð, nema með leyfi síldarútvegsnefndar. Eigi má afgreiða farmskirteini fyrir síldarsendingum til útlanda, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Leyfi til útflutnings á síld skulu aðeins veitt þeim, sem fengið hafa löggildingu sem síldarútflytjendur, þó getur nefndin veitt undanþágu fyrir smásendingum af millisíld.

Ákvæði þessarar greinar ná þó eigi til ísaðrar, frystrar eða niðursoðinnar síldar og ekki heldur til síldar, sem lögð er niður í dósir (konservesíld) eða önnur ílát, sem innihalda allt að 5 kg af síld.

4. gr.

Síldarútvegsnefnd löggildir síldarútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma.

Til þess að geta fengið löggildingu sem útflytjandi skal hlutaðeigandi fullnægja ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, ef um einstakling er að ræða, eða ef um félag er að ræða, að vera skrásett lögum samkvæmt sem hlutafélag, samvinnufélag eða sölusamlag síldarframleiðenda, opið öllum síldarframleiðendum, enda ráði umsækjandi yfir því lágmarksmagni síldar, er nefndin ákveður.

Nú hefur sölusamlag saltsíldarframleiðenda eða samvinnufélag umráð yfir 75% af saltsíldarframleiðslu landsmanna, eða sama hundraðshluta af saltsíld, sem verkuð er með sérstakri verkunaraðferð, og getur síldarútvegsnefnd þá ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháan eða hærri hundraðshluta af saltsíldarframleiðslunni eða þeirri sérverkuðu síld, er það hefur umráð yfir, enda sé þá æðsta vald í félagsmálum hjá félagsfundum og atkvæðisréttur félagsmanna miðist eigi nema að nokkru leyti við síldarmagn, svo að enginn þeirra geti farið með meira en 1/20 af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra á fundum þess.

5. gr.

Þeir, sem samkvæmt 4. gr. fá löggildingu nefndarinnar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrir mælum hennar um framboð og lágmarksverð á saltsild, sem seld er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma og annað það, sem nefndin setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkvæmt lögum þessum. Með reglugerð má ákveða, að útflytjendur saltsildar skuli skyldir að taka sild til sölu af framleiðendum gegn hæfilegri hámarksþóknun, enda sé sildin markaðshæf vara, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir framleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

6. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem snertir sölu og útflutning saltsildar, og hefur nefndin frjálstan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin er bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjenda, er hún verður áskynja um á þennan hátt.

7. gr.

Nú verður það nauðsynlegt, að dómi sildarútvegsnefndar, til þess að tryggja gæði sildar eða sölu á saltsildarframleiðslu landsmanna að takmarka söltun, og er nefndinni þá heimilt að ákveða, hvenær söltun megi hefjast, svo og að takmarka eða banna söltun um skemmri eða lengri tíma.

8. gr.

Sildarútvegsnefnd úthlutar söltunarleyfum til saltenda. Sildarútvegsnefnd getur sett þau skilyrði, er hún telur þurfa til þess að tryggja sem bezt rétt hlutföll söltunar á hina einstöku markaði, góða verkun og geymslu sildarinnar. Til söltunar fyrir innanlandsmarkað þarf leyfi sildarútvegsnefndar.

Nú hefur söltunarleyfi verið úthlutað, en leyfishafi uppfyllir eigi sett skilyrði eða hlítir eigi þeim fyrir mælum sildarútvegsnefndar, sem sett hafa verið um verkun og söltun sildarinnar, og getur þá nefndin fyrirvaralaust svipt leyfishafa leyfinu.

Heimilt er sildarútvegsnefnd að setja umráðamönnum skipa þeirra, er veiða sild til söltunar, reglur um meðferð sildarinnar um borð í skipunum og við löndun sildarinnar. Sé settum reglum eigi hlýtt, getur nefndin svipt viðkomandi aðila rétti til þess að leggja upp sild til söltunar um lengri eða skemmri tíma.

Allir sildarsaltendur skulu samkvæmt ákvörðun nefndarinnar sækja árlega um söltunarleyfi fyrir ákveðinn tíma. Allir saltsildarframleiðendur eru skyldir að láta nefndinni í té þær upplýsingar, sem hún krefst og stuðlað geta að því, að sildar söltuninni verði hagað eftir söluhorfum, og skulu þeir hlíta fyrir mælum hennar í þeim efnum, en skylt er nefndinni að hafa um þetta sem nánasta samvinnu við framleiðendur. Skýrslur um framleiðslumagn skal senda nefndinni daglega.

9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrir mæli um framkvæmd undanfarandi ákvæða, svo sem að hver sildareigandi beri ábyrgð á gæðum sinnar sildar, ákvæði um jafnaðarverð á sild sömu gæða, umboðslaun til að standast kostnað við sölu og öll þau atriði önnur, er hann telur þurfa.

10. gr.

Brjótí löggiltur útflytjandi ákvæði laga þessara eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, getur sildarútvegsnefnd svipt hann löggildingu og kært hann til fjársekta.

11. gr.

Nú telur ríkisstjórnin og sildarútvegsnefnd með tilliti til markaðslanda og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikarnir með því að taka upp einkasölu á síld, og getur ríkisstjórnin þá með samþykki sildarútvegsnefndar, ef félag sildarframleiðenda, sem uppfyllir ákvæði 3. málsg. 4. gr., æskir þess, veitt því um ákveðinn tíma einkarétt til að selja og flytja síld til útlanda, enda séu þá framkvæmdastjórar tveir og tilnefni sildarútvegsnefnd annan þeirra.

Sé slíkur félagsskapur saltsildarframleiðenda eigi til eða sildarútvegsnefnd mælir eigi með því, að honum sé veittur slíkur einkaréttur, getur ríkisstjórnin falið sildarútvegsnefnd einkasölu á síld til útlanda, enda komi samþykki nefndarinnar til. Ræður þá sildarútvegsnefnd tvo framkvæmdastjóra til þess að annast sildarsöluna og gerir aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsyn krefur. Skal með reglugerð, er atvinnumálaráðherra gefur út, ákveða fyrirkomulag einkasölnunnar, verk-svið framkvæmdastjórnar og annað það, er leiðir af ákvæðum þessarar greinar.

Sé sildarútvegsnefnd falin einkasala á síld, telst kostnaður við störf hennar með rekstrarkostnaði einkasölnunnar.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála og varða sektum, allt að 200 000 krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið eru úr gildi numin lög nr. 74 29. des. 1934, um sildarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð þeirra manna, sem nú skipa sildarútvegsnefnd.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, sem felur í sér nokkrar breytingar á skipun sildarútvegsnefndar, miðar m. a. að því að tryggja sildarsaltendum aðild að nefndinni, en það hafa þeir ekki, eins og lögin kveða á um skipun nefndarinnar nú. — Þá er í frumvarpi þessu um nokkrar aðrar breytingar að ræða, sem telja verður rétt að gerðar séu, en þær eru um atriði í lögnum, sem löngu eru úrelt og samrýmast ekki framkvæmd þeirra.

Svo sem kunnugt er, eru nú starfandi sölusamtök framleiðenda um sölu í flestum greinum sjávarútflutningsframleiðslunnar nema um sölu saltsildar, en sá vörflokkur hefur um allan tíma verið í höndum sildarútvegsnefndar. Með því fyrirkomulagi, sem nú er um skipun nefndarmanna, er það hending ein, sem ræður því, hvort nokkur sildarsaltandi á sæti í nefndinni. Það verður að teljast óeðlilegt, að framleiðendur, sem eiga ef til vill mest undir framkvæmd nefndarinnar komið, hafi ekki aðstöðu til þess að taka virkan þátt í sölumæðferðinni og gæta hagsmuna sinna.

Félög sildarsaltenda eru nú tvö starfandi í landinu: Félag sildarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félag sildarsaltenda á Suðvesturlandi. Bæði félögin, ásamt Fiskifélagi Íslands, hafa einróma samþykkt að óska eftir því, að sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á lögum um sildarútvegsnefnd, útflutning á síld o. fl., komi sem fyrst til framkvæmda.